

REGLUGERÐ

um skipulag og samsetningu kæruneftndar Flugöryggisstofnunar Evrópu.

1. gr.

Markmið.

Markmið þessarar reglugerðar er að innleiða reglugerð framkvæmdastjórnarinnar um skipulag og samsetningu kæruneftndar Flugöryggisstofnunar Evrópu eins og nánar greinir í 2. gr., sbr. reglugerð um gildistöku reglugerða Evrópusambandsins um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu, nr. 612/2005.

2. gr.

Innleiðing.

Með reglugerð þessari öðlast gildi hér á landi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 104/2004 frá 22. janúar 2004 um setningu reglna um skipulag og samsetningu kæruneftndar Flugöryggisstofnunar Evrópu með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XIII. viðauka EES-samningsins, bókun 1 um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum hans, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-neftndarinnar nr. 15/2005 frá 8. febrúar 2008. Reglugerðin er birt sem fylgiskjal með reglugerð þessari.

3. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 2. mgr. 146. gr., sbr. 145. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998 með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 22. október 2007.

Kristján L. Möller.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

Fylgiskjal.**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 104/2004**

frá 22. janúar 2004

**um setningu reglna um skipulag og samsetningu kæruneftndar
Flugöryggisstofnunar Evrópu**FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1592/2002 frá 15. júlí 2002 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1701/2003⁽²⁾, einkum 3. mgr. 31. gr. og 5. mgr. 32. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Með reglugerð (EB) nr. 1592/2002 er Flugöryggisstofnun Evrópu (Flugöryggisstofnuninni) veitt heimild til að taka ákvarðanir í einstökum málum þegar um er að ræða loftþæfi- og umhverfisvottun, rannsókn á fyrirtækjum og greiðslu viðeigandi þóknana og gjalda. Með reglugerðinni var einnig stofnuð kæruneftnd en til hennar er hægt að kæra þessar ákvarðanir Flugöryggisstofnunarinnar.
- 2) Í 31. og 32. gr. reglugerðar (EB) nr. 1592/2002 er framkvæmdastjórninni veitt umboð til að samþykkja ítarlegar reglur um fjölda kæruneftnda og verkaskiptingu, hvaða menntun og hæfi nefndarmenn hverrar kæruneftndar skuli búa yfir, heimildir einstakra nefndarmanna á undirbúningsstigi ákvarðana og reglur um atkvæðagreiðslu.
- 3) Ekki er búist við að kærur verði margar á meðan ekki er gerð breyting á reglugerð (EB) nr. 1592/2000 þannig að gildissvið hennar taki einnig til starfrækslu loftfara og veitingu áhafnarskírteina.
- 4) Nefndin mun rannsaka þau mál þar sem einkum er krafist víðtækrar og almennrar, tæknilegrar reynslu á sviði vottunar. Sá nefndarmaður, sem fer fyrir nefndinni, þarf þó að vera löglærður og hafa viðurkennda reynslu á sviði Bandalagsréttar og þjóðaréttar. Rétt er að þessi nefndarmaður sé formaður nefndarinnar.
- 5) Tilnefna ber skýrslugjafa í hverju máli til að greiða fyrir umfjöllun og afgreiðslu kæra og skal hann m.a. undirbúa orðsendingar til kærudaíla og drög að ákvörðunum.
- 6) Til að tryggja snurðulausa og skilvirka starfsemi kæruneftndar er rétt að hún starfi í tengslum við skráningarskrifstofu með starfsfólki sem annast alla stoðstarfsemi sem ekki felur í sér lögfræðilegar eða tæknilegar ákvarðanir.

- 7) Ráðstafanir, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndar sem komið var á fót skv. 3. mgr. 54. gr. reglugerðar (EB) nr. 1592/2002.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.***Fjöldi nefnda**

Hér með er komið á fót kæruneftnd sem taka skal ákvörðun um kærur ákvarðana sem um getur í 35. gr. reglugerðar (EB) nr. 1592/2002.

*2. gr.***Menntun og hæfi nefndarmanna**

1. Í kæruneftnd skulu sitja tveir nefndarmenn með menntun og hæfi á tæknisviði og einn löglærður nefndarmaður sem skal vera formaður nefndarinnar.

2. Þeir nefndarmenn, sem eru með menntun og hæfi á tæknisviði, og varamenn þeirra skulu hafa háskólagráðu eða sambærilega menntun og umtalsverða, faglega reynslu á sviði vottunar í einni eða fleiri af þeim greinum sem eru tilgreindar í viðaukanum við þessa reglugerð.

3. Löglærði nefndarmaðurinn og varamaður hans skulu hafa lokið námi í lögfræði og öðlast hæfi með viðurkenndri reynslu í Bandalagsrétti og þjóðarétti.

*3. gr.***Heimildir formanns**

1. Formaður kæruneftndar boðar til fundar. Formaður skal tryggja gæði og samræmi í ákvörðunum nefndarinnar.

2. Formaður tilnefni einn nefndarmanna sem skýrslugjafa við rannsókn kæru.

*4. gr.***Hlutverk skýrslugjafa**

1. Skýrslugjafi skal hefja undirbúningsrannsókn á kærinni.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 240, 7.9.2002, bls. 1.⁽²⁾ Stjtið. ESB L 243, 27.9.2003, bls. 5.

2. Skýrslugjafi skal tryggja náð samráð og upplýsingaskipti milli málsaðila. Skýrslugjafi skal í þessu skyni:

- a) undirbúa orðsendingar til málsaðila eftir fyrirætlum formanns nefndarinnar,
- b) tilkynna um alla annmarka sem málsaðili þarf að ráða bót á,
- c) setja viðeigandi tímamörk fyrir málsmeðferð í samræmi við 2. mgr. 39. gr. reglugerðar (EB) nr. 1592/2002 og
- d) undirrita allar orðsendingar fyrir hönd nefndarinnar.

3. Skýrslugjafi skal undirbúa innanhússfundi nefndarinnar og munnlega málsmeðferð.

4. Skýrslugjafi skal semja drög að ákvörðuninni.

5. gr.

Skráningarskrifstofa kærunefndar

1. Forstjórinn skal koma á fót skráningarskrifstofu fyrir kærunefndina. Starfsfólkið, sem annast skráninguna, skal ekki taka þátt í neinni málsmeðferð hjá Flugöryggisstofnuninni sem tengist ákvörðunum sem kunna að verða kærðar.

2. Starfsfólk skráningarskrifstofunnar skal einkum bera ábyrgð á:

- a) umsjón skrár, sem formaður stofnar, þar sem allar kærur og fylgiskjöl eru færð inn í tímaröð,
- b) viðtöku, sendingu og geymslu skjala,
- c) annarri stoðstarfsemi fyrir kærunefndina sem ekki felur í sér lögfærðilegar eða tæknilegar ákvarðanir, einkum starfsemi sem varðar fyrirvar, afhendingu þýðinga og tilkynningar,

d) að afhenda formanni nefndarinnar skýrslu um hverja kærur, sem berst, þar sem fram kemur hvort kærán telst formlega hæf til meðferðar,

e) að rita fundargerðir við munnlega málsmeðferð ef þörf krefur.

6. gr.

Umfjöllun mála

1. Aðeins nefndarmenn mega taka þátt í umfjöllun mála. Formanni nefndarinnar er þó heimilt að leyfa öðrum starfsmönnum, s.s. starfsfólki skráningarskrifstofunnar eða túlkum, að sitja fundi. Umræðum skal haldið leyndum.

2. Í umræðum milli nefndarmanna gerir skýrslugjafi fyrst grein fyrir máli sínu en formaður síðast.

7. gr.

Reglur um atkvæðagreiðslu og í hvaða röð atkvæði skuli greidd

1. Ákvarðanir nefndarinnar eru teknar með meirihluta atkvæða nefndarmanna. Falli atkvæði jafnt ræður atkvæði formanns nefndarinnar úrslitum.

2. Ef greiða þarf atkvæði skal það gert í þeirri röð sem kveðið er á um í 2. mgr. 6. gr. Ekki er leyfilegt að sitja hjá við atkvæðagreiðslu.

8. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 22. janúar 2004.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Loyola DE PALACIO

varaforseti.

VIÐAUKI

SKRÁ YFIR GREINAR

1. Eftirfarandi tæknigreinar:
 - i) flug/afkastageta,
 - ii) burðarvirki,
 - iii) vökvaaflskerfi,
 - iv) þyrill/aflyfirfærslukerfi,
 - v) rafmagn/kröftug rafsegulsvið (HIRF: high intensity radiated field)/eldingar,
 - vi) rafeindabúnaður loftfara/hugbúnaður,
 - vii) ísetning fullbúins hreyfils/eldsneytiskerfi,
 - viii) kerfi til að tryggja öryggi í farþegarymi/öryggi umhverfis,
 - ix) hávaðamengun,
 - x) áframhaldandi lofthæfi/lofthæfifyrirmæli sem beitt er gagnvart eftirfarandi framleiðsluvörum, hlutum þeirra og búnaði:
 - a) stórum flugvélum,
 - b) þyrilvængjum,
 - c) litlum flugvélum,
 - d) loftbelgjum/loftskipum/svifflugum/ómönnuðum loftförum (UAV),
 - e) hreyflum/aukaafstöðvum/loftskráfum,
2. Samþykki fyrir eftirfarandi tegundum fyrirtækja og gæðakerfi sem þeim tengjast:
 - i) hönnunarfyrirtækjum,
 - ii) framleiðslufyrirtækjum,
 - iii) viðhaldsfyrirtækjum.